



Alþingi
Erindi nr. P 133/690
komudagur 21.12.2006

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
 b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur nefndarritara
 Alþingi við Austurvöll
 150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 21. desember 2006
 2006110103/91/MH/gh

Efni: Umsögn landlæknis um frumvarp til laga um embætti landlæknis, 273. mál.

Undirritaður þakkar fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdir við ofangreint frumvarp. Tekið skal fram að Sigurður Guðmundsson landlæknir sat í nefndinni sem samdi frumvarpið og átti stóran þátt í gerð þess. Af því leiðir að Landlæknisembættið gerir ekki veigamiklar athugasemdir við frumvarpið, en undirrituðum þykir þó rétt að benda á nokkur minni háttar atriði til lagfæringar:

3. gr. 2. töluliður. Æskilegt væri að málsgreinin hljóðaði svo: “Heilbrigðisstarfsmaður: Einstaklingur sem starfar við eða veitir heilbrigðisþjónustu og hlotið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar.”

Skýring: Stundum er álitamál hvort Landlæknisembættið hafi eftirlit með starfi ákveðinna einstaklinga. Sem dæmi má nefna að sálfræðingar eru löggilt heilbrigðisstétt. Sálfræðingur, sem starfar við skóla, hefur mótmælt eftirliti Landlæknisembættisins með sínum störfum og telur að eftirlitshlutverk embættisins nái ekki til sín þar sem skólinn heyrir ekki undir Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og hann starfi því ekki í heilbrigðisþjónustu. Annað dæmi er félagsráðgjafi, sem starfar sem félagsmálastjóri í héraði á landsbyggðinni. Félagsráðgjafar teljast til heilbrigðisstétta, en félagsráðgjafaréttindi eru ekki skilyrði til ráðningar sem félagsmálastjóri. Þessi aðili starfar hvorki í né við heilbrigðisþjónustu. Nauðsynlegt er að taka af öll tvímæli hverjir skulu sæta eftirliti landlæknis.

Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um hlutverk landlæknis er og er það talið upp í ellefu liðum (liður a-k). Undirritaður telur eðlilegast að liðurinn *að fylgjast með heilbrigði landsmanna*, verði fært efst, þannig að núverandi liður f verði liður a og aðrir liðir verði færðir til samræmis við það.

Skýring: Eðlilegast er að víðtækasta hlutverk embættis sé talið fyrst. Eftirlit með heilbrigði landsmanna er víðtækasta hlutverk Landlæknisembættisins.

Í 13. gr. er fjallað um eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum. Lagt er til að lokamálsgrein 13. gr. hljóði svo: “Hafi heilbrigðisstarfsmaður orðið uppvís að slíku atferli getur landlæknir hvenær sem er krafist slíkra rannsókna ef viðkomandi starfar við heilbrigðisþjónustu.”

Skýring: Þessi málgrein er nauðsynleg til þess að taka af öll tvímæli um að Landlæknisembættið hafi heimild til þess að gera fyrirvaralausar rannsóknir af þessu tagi á heilbrigðisstarfsmönnum, sem áður hafa gerst brotlegir.

Í fylgiskjali er umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið. Þar er réttilega tekið fram að í frumvarpinu sé skýrar kveðið á um eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk Landlæknisembættisins, skráningu gagna, eftirlit og önnur verkefni, sem embættið hefur annast til þessa. Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til ráðningar starfsmanns til að vinna úr lyfjagagnagrunni og til þess að sinna eftirliti með starfsstofum einkaaðila, en þessum mikilvægum þáttum hefur einungis verið sinnt að litlu leyti fram að þessu. Einnig má nefna nýjar skyldur landlæknis um að halda skrá yfir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu og að sjá um breytingar á þeirri skrá, svo og gerð lágmarkskrafna til reksturs heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum og aukið eftirlit með að stöðlum og verkferlum sé fylgt. Í raun verður um stórlega aukið eftirlit að ræða og verður ekki annað séð en að samþykkt frumvarpsins kalli á fleiri starfsmenn til þess að sinna eftirlitinu. Álykta má að þörf sé á þremur nýjum fagmenntuðum starfsmönnum vegna þessa aukna eftirlits.

Virðingarfyllst,


Matthías Halldórsson
landlæknir